

Gjöld: kr. kr.

27

a. Sýslugjöld	198,00		
b. Vegabótakostnaður	297,71		
c. Eptirstöðvar:			
1, Af niðurjöfnunargjaldi	383,37		
2, — vegagjaldi	<u>613,08</u>	<u>996,45</u>	1492,16

5. Ísafjarðarsýsla:

Tekjur:

a. Eptirstöðvar	163,45		
b. Niðurjöfnunargjald	682,79		
c. Vegagjald	1125,37		
d. Óvissar tekjur	61,50		
e. Skuld	<u>188,59</u>	<u>2221,70</u>	

Gjöld:

a. Sýslugjöld	751,91		
b. Vegabótakostnaður	1469,79		
c. Eptirstöðvar	»	<u>2221,70</u>	

6. Strandasýsla:

Tekjur:

a. Eptirstöðvar	350,48		
b. Niðurjöfnunargjald	204,27		
c. Ovissar tekjur	50,00		
d. Vegagjald	394,37		
e. Skuld fyrir vegabætur	<u>391,23</u>	<u>1390,35</u>	

Gjöld:

a. Sýslugjöld	138,00		
b. Vegabótakostnaður	549,19		
c. Skuld vegasjóðsins	391,23		
d. Eptirstöðvar (af niðurjöfnunargjaldi)	<u>311,93</u>	<u>1390,35</u>	

Íslands vesturamt, Reykjavík 24. janúar 1884.

Magnús Stephensen,
settur.

Brjef landshöfðingja til hins umboðslega endurskoðanda um innheimtu að flutningsgjalds af tóbaki. — Við endurskoðun tollreikningsins frá Snæfellsness- og Hnappadalssýslu fyrir árið 1879 kom sú spurning fram, hvort innheimta aðflutningsgjalds á tóbaki eptir lögum 11. febr. 1876 ætti að byggjast á vöruskrám og tollskrá skipa þeirra, er tóbakið flytst með, eða á vottorðum þeim upp á æru og samvizku, sem mót-tökumenn eptir 3. gr. laganna eru skyldir að gefa um það, hvort eða hve mikið af tóbaki eða vindlum þeir hafi meðtekið með hverri ferð frá útlöndum.

Um þessa spurning felldi landshöfðinginn 18. apríl 1882 svo hljóðandi úrskurð:

28

20. febr.

28 «Samkvæmt 3. gr. laga um aðflutningsgjald af tóbaki frá 11. febr. 1876, sbr. 20. febr. við 2. gr. auglýsingar 16. s. m., er tollskráin eða vöruskráin aðalskýrteini það, sem ber að byggja tollheimtuna á; „þessutan“ er móttökumaður skyldur til að segja til alls þess, er hann hefur meðtekið. Haldi móttökumaður því fram, að flutst hafi minna af tóbaki en það, sem á vöruskránni stendur, virðist ekkert því til fyrirstöðu, að hann, áður en nokkuð er flutt í land af viðkomandi skipi, krefjist álíkrar rannsóknar og þeirrar, er getur um í 2. og 3. gr. vínfangalaganna frá 11. febr. 1876. Hvort farið verði eingöngu eptir skýrslu hans án slíkrar rannsóknar, verður að vera komið undir atvikum í hverju einstöku tilfelli (sbr. Stjórnartíð. 1876 B. 95) . . . ».

Nú með því að þjer, herra endurskoðandi, í þóknanlegu brjefi dags. 19. p. m., hafið hreyft máli þessu og skýrt frá því, að nokkrir gjaldheimtumenn hafi talið mikla annmarka á því að fara eptir þeirri reglu, sem tekin er fram í þessum úrskurði, við innheimtu tóbakstollsins, og þjer þessvegna hafið beiðst minnar ákvörðunar um þetta efni, læt jeg ekki hjálíða hjermeð þjónustusamlega að gefa yður til vitundar, að þareð jeg ekki fæ betur sjeð, en að nefndur úrskurður sje að öllu leyti samkvæmur lögum frá 11. febr. 1876, um aðflutningsgjald á tóbaki, og því, sem fyrir er mælt í auglýsingu ráðgjafans frá 16. s. m., er hefur inni að halda nákvæmari ákvarðanir viðvíkjandi því, hvernig framfylgja skuli greindum lögum, verð jeg að halda því fram, að farið sje eptir hinni umgetnu reglu við innheimtu tóbakstolls og reikningsskil fyrir honum, enda get jeg eigi heldur viðurkennt, að þetta þurfi að valda neinum sjerlegum erfiðleikum í framkvæmdinni. En þarsem efi hefur verið um þetta atriði og ætla má, að hinn hjer umræddi úrskurður hafi eigi verið gjaldheimtumönnum almennt kunnur, mun jeg birta brjef þetta í næsta tölublaði Stjórnartíðindanna, og þar eptir láta leiða athygli gjaldheimtumanna að úrskurðinum, þeim til eptirbreytni.

STYRKUR ÚR LANDSSJÓÐI.

Samkvæmt fjárlögum fyrir 1884 og 1885

10. gr. C. 5 b.

voru veittar 300 kr. til endurbóta á vegarkafanum milli Grænumýrartungu og Mela í Hrutafirði.

EMBÆTTISSKIPUN.

3. marz 1884 skipaði biskup settan prófast í Suðurþingeyjarprófastsdæmi, sjera Kjartan Einarsson á Húsavík virkilegan prófast í nefndu prófastsdæmi.

ÓVEITT PRESTAKALL.

Hof á Skagaströnd í Húnavatnsprófastsdæmi (Hofs og Spákonufellssóknir). Tillag úr lands-
sjóði 300 kr. Metið þessutan 694 kr. Auglýst 29. febr. 1884.